

Fundargerð 140. fundar skólanefndar Menntaskólans í Reykjavík

140. fundur skólanefndar haldinn á fundarsal á 3. hæð í Gamla skóla mánudaginn 10. október 2011 kl. 12:15.

Mætt: Ólafur Þ. Stephensen, Arnbjörn Jóhannesson, Ragnhildur Bragadóttir, Borgar Þór Einarsson, Sveinn Andri Sveinsson, Sigríður Laufey Jónsdóttir og Yngvi Pétursson rektor.

- 1. Skýrsla rektors.** Rektor gerði grein fyrir árangri nemenda á síðasta skólaári og innritun s.l. vor. Einnig fjallaði rektor um framkvæmdir í sumar. Þá var farið yfir breytingar á starfsliði skólans. Rektor greindi frá verkefni um nýja námskrá sem komið er vel á veg. Rektor upplýsti jafnframt um grundvallarbreytingar á tölvumálum skólans en nýlega var skipt yfir í s.k. opinn hugbúnað. Að lokum gerði rektor grein fyrir fjárhagsstöðu skólans sem er mjög erfið. Nokkrar umræður urðu um fjárhagsstöðuna og lýstu nefndarmenn og rektor yfir áhyggjum af stöðunni. Rektor gerði einnig grein fyrir skaðabótakröfu á hendur skólanum vegna slyss sem varð í gangslag fyrir tveimur árum.
- 2. Niðurstöður úttektar á starfsemi skólans.** Lagt var fram bréf frá menntamálaráðuneytinu vegna athugasemda sem formaður og rektor gerðu við úttekt *Hins og þessa ehf* á starfsemi skólans frá því í sumar. Að nokkru leyti hefur verið tekið tillit til athugasemdanna. Formanni og rektor falið að halda áfram að gera grein fyrir afstöðu skólans gagnvart þessari úttekt.
- 3. Beiðni Kára Stefánssonar og ÍE um gögn.** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir hugmyndum sínum um rannsókn á tengslum árangurs í stafsetningu við aðra þætti sem tengjast erfðum. Óskaði hann eftir aðgangi að gögnum um árangur nemenda í stafsetningu. Vísindasiðanefnd og Persónuvernd þurfa að samþykkja rannsóknina. Skólaefnd leggst ekki gegn þessu að því gefnu að ofangreindir aðilar veiti samþykki sitt og enginn kostnaður lendi á skólanum.